

unarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors þeirra.

Á fyrirtekt málsins í hjerði hefur orðið töluverður dráttur, en undirdómarinn álízt hafa rjettlætt hann nægilega. Að öðru leyti hefur rekstur málsins í hjerði verið óaðfinnanlegur og málsfærslan fyrir yfirdóminum hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera :

Hinn áfrýjaði aukarjettardómur á að vera óraskaður. Ákærði greiði og allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, yfirrjettarmálaflutningsmanns Eggerts Briem og cand. juris Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 25/1895 :

Sigfús Pjetursson
 gegn
 Birni Pjeturssyni og
 Sigtryggi Jónatanssyni.

D ó m u r :

Mál þetta er í hjerði höfðað af Sigfúsi Pjeturssyni, eiganda jarðarinnar Egilsholts eða Eyhildarholts í Skagafirði, gegn Birni Pjeturssyni og Sigtryggi Jónatanssyni, eigendum jarðarinnar Framness,

út af ágreiningi um landamerki milli jarða þessara, Egilsholts og Framness, og er ágreiningurinn um svo kallaðan Framnesshólma, sem liggur í Eystri-Hjeraðsvötnum, er annars skilja lönd tjedra jarða, en nefndan hólma vilja málspartarnir telja hvor undir sína jörð. Málið var dæmt í landamerkjadómi Skagafjarðarsýslu 26. júní 1894 á þá leið, að Framnesshólmi skuli vera óátalin eign Framness, en Sigfúsi Pjeturssyni var gjört að greiða allan málskostnað, 93 kr. 28 a. Að öðru leyti voru málsviðeigendur sýknaðir hvor af annars kröfum. Dómi þessum hefur Sigfús Pjetursson skotið til yfirdómsins með stefnu, út gefinni 13. maí þ. á., og krafizt þess, að merkjadómurinn verði dæmdur ómerkur og málinu heim vísað, og að Björn Pjetursson og Sigtryggur Jónatansson verði dæmdir til að greiða allan málskostnað fyrir báðum rjettum með 200 kr. eða einhverju nægilegu eptir mati rjettarins. Sigtryggur Jónatansson, sem nú er einn eigandi jarðarinnar Framness, hefur af sinni hálfu krafizt þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum áfrýjanda og að honum verði dæmdur hinn umþrátaði hólmi, og verður að skilja þetta svo, að krafa hans sje, að merkjadómurinn verði staðfestur; svo hefur hann og krafizt dóms fyrir málskostnaði, að upphæð 100 kr. Björn Pjetursson hefur eigi látið mæta hjer fyrir rjettinum.

Í hjeraði komu alls engar skjallegar sannanir fram fyrir eignarrjetti að þrætulandinu frá hvor-

ugum málsaðila, og mörg vitni, er heyrð voru, báru það eitt um eignarrjettinn, að þau hefðu heyrt og að þau álitu, að Framnesshólmi lægi undir Framnes, eins og nafnið sjálf virðist benda á, en á hinn bóginn sannaðist það nægilega, að hólminn hafði verið yrktur um mjög langt árabíll frá Framnesi bæði fyrir 1840 og síðan eptir 1850 átölulaust með öllu, þangað til áfrýjandi fór að gjöra tilkall til hans skömmu fyrir 1890. Á þessu byggði og merkjadómurinn, enda hefur áfrýjandinn eigi vefengt hann að þessu leyti, en hann hefur lagt fram í yfirdóminum, ásamt leyfisbrjefi til þess, kaupbrjef út gefið 21. maí 1841, en með því selur Jón Jónsson á Framnesi undan sjer og sínum erfingjum hreppstjóra Jóni Bjarnasyni í Egilsholti eignarpart undan eignar- og ábýlisjörð sinni Framnesi, sem kallaður er Framnesshólmi, fyrir 50 spésur, en áskilur sjer jafnframt kauprjett á honum aptur, ef kaupandi fargi honum. Áfrýjandi heldur því nú fram, að hólminn hafi við þessi kaup lagzt undir Egilsholt. Hinn stefndi kannast við þennan kaupgjörning milli Framnessbóndans og Jóns Bjarnasonar, sem þá var í Egilsholti, og að þrætu-hólminn hafi verið notaður frá Egilsholti frá því 1841, þangað til Jón Bjarnason fór þaðan um 1850, en þá hafi hólminn verið afhentur aptur eiganda Framness samkvæmt kaupgjörningnum, sem hann segir að í raun og veru hafi verið veðbrjef, en ekki kaupbrjef. Sjerstaklega tekur hann það fram, að hólminn hafi eigi getað lagzt til Egilsholts sem eign við þessi kaup, því að Jón Bjarnason hafi

ekki verið eigandi jarðarinnar, heldur annar nafngreindur maður, er síðar hafi byggt Jóni út af jörðinni. Sækjandi málsins, áfrýjandi, hefur nú ekki sannað það, að Jón Bjarnason hafi verið eigandi Egilsholts, enda er ólíklegt að svo hafi verið eptir ýmsum atvikum að dæma, sem fram eru komin í málinu. Áminnzt kaupbrjef heimilar því ekki áfrýjanda eignarrjett yfir þrætuhólmanum, þótt hann eignaðist Egilsholt rúmum 30 árum eptir að Jón Bjarnason flutti þaðan, og með því að hann hefur eigi önnur málgögn við að styðjast, og eigi er tilefni til að ónýta landamerkjadóminn ex officio, ber að staðfesta hann í heild sinni. Eptir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda í málskostnað fyrir yfirdómi 40 kr.

Því dæmist rjett vera:

Landamerkjadómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandi Sigfús Pjetursson greiði stefnda Sigtryggi Jónatanssýni málskostnað 40 — fjöurtíu — krónur innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að við lagðri laga aðför.